

118 /60 fundur

Fimmtudagskvöldið 29.11.2001 kom hreppsnefnd saman til fundar að Langanesvegi 2 og hófst fundur kl. 20:49.

Mættir: Oddur Skúlason, Henryr Már Ásgrímsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Gunnlaugur Ólafsson, Þorsteinn Óla Þorbergsson og Björn Ingimarsson.

Oddviti setti fund og bauð menn velkomna. Bauð nýjan sveitarstjóra velkominn til starfa. Oddviti óskaði eftir breytingu á dagskrá, 4. liður myndi heita " Skipan í stjórnir og ráð ".

Dagskrá.

1. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Húsnæðisnefnd, 01.11.01. Samþykkt samhljóða.
- Húsnæðisnefnd, 12.11.01. " Sveitarstjóra falið að fylgja eftir niðurlagi í fundargerð húsnæðisnefndar v/ hundahalds og tryggingavíxla " . Samþykkt samhljóða.
- Skólamálaráð, 21.11.01. Samþykkt samhljóða.
- Hreppsnefndarfundur, 25.10.01.
- Aukafundur hreppsnefndar, 13.11.01.
- Aukafundur hreppsnefndar, 15.11.01.

2. Mál.Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Héraðsráð, 29.10.01. Samþykkt samhljóða.
- Héraðsráð, 09.11.01. Samþykkt samhljóða.
- Atvinnuþr.f.Þing. fundur um búsetumál í N-Þing. 06.11.01. Samþykkt samhljóða. " Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í sameiginlegum fundi sveitarstjórna á svæðinu". Samþykkt samhljóða.
- Fundur sveitarstjórna um málefni Sauðaneshúss, 06.09.01. Samþykkt samhljóða.
- Áhugahópur um Sauðaneshús, 02.11.01. Samþykkt samhljóða.
- Brunavarnir norðaustur svæðis, 31.10.01. Samþykkt samhljóða.

3. Mál. Til kynningar.

- Úrskurður úrskurðarnefndar skipulags og byggingarmála, 31.10.01 v/ Litlu-Fellsaxlar.
- Hlutfélag um landskerfi bókasafna.
- Tilboð frá Securitas í brunavarnir. Erindinu vísað til slökkvistjóra og varaslökkvistjóra til umsagnar. Samþ.samhljóða.
- Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar og breytingar á samþykktum. Ákveðið að sitja fund með Sigurði Rúnari n.k. mánudag, 03.12.01

4. Mál. Skipun í stjórnir og ráð á vegum sveitarfélagsins.

Oddviti leggur fram tillögu um að Björn Ingimarsson taki sæti Magnúsar Más, fráfarandi sveitarstjóra í eftirtöldum nefndum:

- Héraðsnefnd Þingeyinga,
- Stjórn Dvalarh. nausts,
- Stjórn Brunavarna norðaustur svæðis. Samþykkt samhljóða.

Gunnlaugur lagði fram tillögu um að Sesselja Þóroddsdóttir tæki sæti í Þjónustuhóp aldraðra. Samþ. samhljóða.

5. Mál. Atvinnumál:

Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu. " Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir að fela sveitarstjóra að óska eftir fundi hreppsnefndar með stjórn Hraðfrystistöðvar Þórshafnar hf. Tilefni fundarins yrði að ræða framtíðarstefnu í rekstri félagsins. Kanna skal einnig hvort hreppsnefnd Svalbarðshrepps auk forsvarsmanna Verkalýðsfélags Þórshafnar hafa hug á að sitja slíkan fund og ef

svo er skal óska eftir sameiginlegum fundi þessarra aðila með stjórn félagsins Samþ. samhljóða.

Vegna fyrirhugaðs útboðs á Tilkyningarskyldunni 1. janúar 2003, er sveitarstjóra falið að kynna sér málið.

Fundargerð lesin upp og samþ. samhljóða.

Fundi slitið kl. 23:08.

Jóhanna Helgadóttir, ritari.